



Reykjavík, 1. apríl 2020

Borgarráð

### ***Gjalddagar fasteignaskatta og lóðarleigu 2020***

Lagt er til að bæta við tveimur gjalddögum við gjalldagskiptingu fasteignagjalda, þ.e. fasteignaskatta, lóðaleigu, sorphirðugjalda og endurvinnslugjalds fyrir árið 2020. Þetta er gert til þess að hægt verði að dreifa ógjaldfelldum fasteignagjöldum ársins, frá gjalddögum maí til október, á fleiri gjalddaga eða frá maí til desember.

Með fjárhagsáætlun ársins voru eftirfarandi gjalddagar fasteignagjalda samþykktir:

1. febrúar, 2. mars, 4. apríl, 3. maí, 1. júní, 5. júlí, 2. ágúst, 1. september, 3. október.

Nú er lagt til að bæta við gjalddögum 1. nóvember og 5. desember.

Greinargerð:

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga. Með fjárhagsáætlun 2020 voru níu gjalddagar fasteignagjalda samþykktir. Tillagan nú felur í sér fjölgun gjalddaga fasteignagjalda um tvo gjalddaga þannig að hægt verði að dreifa ógjaldfelldum fasteignagjöldum á 8 gjalddaga í stað 6 gjalddaga. Þetta er gert til þess að létta undir með þeim aðilum sem nú þegar hafa fundið fyrir eða munu finna fyrir tekjufalli vegna þeirra efnahagsaðstæðna sem nú ríkja.

Samkvæmt 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal vísa tillögunni til sveitarstjórnar sem tekur ákvarðanir um málefni er varða verulega fjármál sveitarfélagsins svo sem hér er til umfjöllunar. Á aukafundi borgarstjórnar þann 24. mars sl. voru hins vegar samþykkt tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga með vísan til auglýsingar nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Borgarráð fer þannig með sömu heimildir og borgarstjórn hefur fram að næsta reglulega fundi borgarstjórnar þann 21. apríl með sömu skilyrðum og í sumarleyfi borgarstjórnar samkvæmt 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson